

Skýrsla hestamannafélagsins Smára í Skeiða-Gnúpverja og Hrunamannahreppi um æskulýðsmál 2007.

Við byrjuðum æskulýðsárið með fræðslu og skemmtikvöldi í Brautarholti þann 23. febrúar 2007. Fegnum ágætan ungan mann til þess að fræða krakkana um skyndihjálþ ef slys ber að höndum. Eftir það fengu þau safu og snakk. Síðan var farið í spurningaleik þar sem allar spurningarnar voru hestatengdar. Í lokin voru svo nokkrir léttir leikir og tókst þetta kvöld mjög vel. Mæting var þokkaleg eða 18 krakkar.

11. mars var farið með rútu til Reykjavíkur að sjá hið frábæra Æskan og hesturinn í Reiðhöllinni í Víðidal. Það var mjög góð þátttaka eða um 40 krakkar og tveir fararstjórar og nokkrir foreldrar. Þessu lauk svo með því að farið var á pitsastað og gætt sér á gómsætum pitsum og gosi. Frábær þátttaka og skemmtileg ferð.

10. apríl var haldið námskeið í umhirðu reiðtygja. Við gengum mjög góða aðstöðu í Kílhrauni á skeiðum. Leiðbeinandi var Bára Másdóttir en hún er í námi í söðlasmiði. Grillaðar voru pylsur í lokin.

Í apríl-maí var haldið reiðnámskeið á Efri-Brúnavöllum á Skeiðum hjá Hermanní Karlssyni reiðkennara. Námskeiðið var vel sótt að vanda.

16. maí fórum við í Þjórsár og Flúðaskóla með hesta og teyðum undir börnum úr 1.-4. bekk og gerði það mikla lukku.

2.-3. júní fórum við með krakkana í Hestheima þar sem gíst var eina nótt og allur matur var keyptur þar og fengum við frábærara móttöku og þjónustu frá þeim hjónum Ástu Beggu og Gísla. Við byrjuðum á því að fara í reiðhöllina og fara yfir helstu öryggisatriði með krökkunum meðal annars hvernig þau ættu að hafa sér í reiðtúr með mörgu fólki og hvað bæri að varast sérstaklega t.d. með tilliti til annarra í hópnum. Síðan var farið í 3 tíma reiðtúr sem gekk mjög vel og komu allir skælbrosandi til baka. Um kvöldið var svo farið í leiki og var alveg dýrðlegt að sjá hvað krakkarnir skemmtu sér vel og voru jákvæð að vera með í öllu. Þau enduðu svo með því að þykjast vera hestar sjálf og hlupu um alla reiðhöll á öllum mögulegum gangtegundum. Á sunnudagsmorguninn var svo farið í reiðhöllina með hestana og var riðin parareið og prófað smá hindrunarstökk og fl. Mjög skemmtileg helgi.

Í endaðan júní fram í júlí var haldið reiðnámskeið á Flúðum. Kennari var Cora Claas. Þar var kennt í 3-4 manna hópum eftir getu. Þetta fór afar vel fram þó veðrið væri þannig að þykkt rykský lægi yfir hestum og knöpum þegar riðið var.

25. ágúst var æskulýðsdagur Smára haldin ásamt mótanefnd. Við byrjuðum á atriði sem við kölluðum pabbi minn og ég. Þetta atriði var fyrir börn ca. 6 ára og yngri þar sem feður komu riðandi inn á völinn með litlu börnin sín á hesti sem þeir höfðu í taumi og sumir reiddu þau fyrir framan sig. Auðvitað máttu þetta vera líka mömmur, afar eða ömmur. Næst var hópreið barna og unglinga og stóðu þau sig frábærlega vel. Síðan var farið í þrautakeppni, og tölt barna og

unglinga. Mótið var mjög vel sótt og enduðum við með mjólkurreið fullorðinna, þ.e. að reiða glas með mjólk í o g vakti þetta mikla lukku, sérstaklega þegar skvettist mikið úr glösunum. Samstarf okkar í Æskulýðsnefnd hefur verið mjög gott. Við höfum haldið 7 fundi frá ferbrúar til ágúst en talað mikið saman í síma þess á milli.

Við erum mjög ánægð með ráðstefnuna sem var um daginn og er auðséð að æskulýðsnefnd L.H. er að gera rosa góða hluti.

Með kærri kveðju frá Æskulýðsnefnd Smára og óskum ykkur góðs í áframhaldandi starfi.

Kolbrún Kristjánsdóttir
Þór Guðnason

Stefanía Sigurðardóttir
Jóhanna Höeg

Lilja Helgadóttir